

Starfsáætlun leikskólans

Norðurbergs

2026-2027



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 20. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.



Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	8
2.1 Innra mat leikskólans.....	8
2.2 Húsnæði og lóð.....	8
2.3 Ytra mat /umbótaáætlun	9
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	10
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	10
4. Starfsmannamál	11
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	11
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	11
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	12
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	13
5. Aðrar upplýsingar	14
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	14
5.2 Foreldrasamvinna.....	14
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	15
5.4 Almennar upplýsingar	15
5.5 Áætlanir	16
Fylgirit.....	16

- Leikskóladagatal 2026-2027
- Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026 (Prósent, Skólapúslinn og starfsmannasamtöl)
- Jafnréttisáætlun 2019-2023
- Umsögn/samþykkt foreldraráðs v/starfsáætlunar 2026-2027

1. Inngangur

Hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h

Starfsárið 2025-2026 gekk almennt vel þó við höfum þurft að mæta nokkrum áskorunum sem okkur tókst að leysa með jákvæðni og metnaði fyrir hönd leikskólans.

Starfsmannahald fór rólega af stað um haustið 2025, einungis ráðið í eina stöðu, grunnskólakennara í 100% stöðugildi. Vegna veikinda var ráðið í eina stöðu leikskóla- og frístundaliða í janúar 2026.

Haustið fór vel af stað en þó var nokkuð um veikindi í strax í september og yfir veturinn. Deildarstjóri á einni deildinni, var áfram í 100% veikindaleyfi og réðum við leikskólakennara af sömu deild tímabundið í þá stöðu út september 2026.

Deildarstjóri á annarri deild, fór í aðgerð í lok október og var frá í mánuð. Á sama tíma/sömu deild, dettur starfsmaður úti í hálfu og verður frá í samtals 5 mánuði og síðan í skertu hlutfalli í tæpan mánuð. Að auki fóru nokkrir starfsmenn í veikindaleyfi í tvær vikur og allt upp í þrjá mánuð yfir veturinn. Þessar fjarvistir voru þó nokkur áskorun fyrir starfsmannahaldið og reyndi virkilega á en síðan létti á okkur þegar leikskóla- og frístundaliða var ráðinn í byrjun árs 2026 og einn kennari kom úr fæðingarorlofi í apríl 2026.

Eins og gefur að skilja reyndi þetta á starfsmannahaldið í heild sinni og hafði áhrif á starfsemi leikskólans. En vegna dugnaðar, jákvæðni og sveigjanleika allra starfsmanna þá tókst okkur að dekkja þessa fjarveru. Það gefur að skilja að stjórnendur leikskólans ásamt sérkennslustjóra þurftu oft að stíga inn á deildar svo ekki yrði gripið til faliðunarreglunnar. Það kom aldrei til í vetur.

Einhver röskun var þó á starfseminni og starfsáætlun en við lögðum okkur fram um að starfsmenn fengu sínar styttingar og vetrarleyfi þrátt fyrir veikindafjarveru. Það er mínu frábæra samstarfsfólki að þakka, sem vinnur að metnaði og heilindum og skilar sínu framlagi eins vel og hægt er hverju sinni. Það leggur sig alltaf fram í sinni vinnu og er tilbúið að lengja sig í vinnu eða færa til styttingar ef þess þarf með.

Hér á Norðurbergi er meirihluti í starfsmanna í FL (67%) og því hefur verið auðvelt að leysa vikulegu styttingu annarra starfsmanna. Það gekk vel að leysa úr betri vinnutíma kennarana yfir veturinn og sömuleiðis núna í sumar.

Það er bara vonandi að leikskólum Hafnarfjarðar verði lokað í dymbilviku á næsta ári og lokað í fjórar vikur í sumarleyfi! Það myndi svo sannarlega leysa margar flækjur í mönnun yfir þessa frídaga/betri vinnutíma FL starfsmanna leikskólans.

Í starfsmannasamtölum, sem voru tekin í maí/júní 2026, kom fram að flestum líður vel á vinnustaðnum þrátt fyrir allt og eru starfsmenn almennt sáttir með liðið skólaár. Þó var þyngra hljóð á þeim deildum þar sem deildarstjórar duttu út í einhvern tíma. Þar fundu starfsmenn fyrir meira álagi og þreytu en venjulega. En þær stóðu sig frábærlega, voru lausnarmiðaðar og tókust á við

áskorunina af mikilli seiglu og metnaði fyrir hönd deildarinnar. Það var almenn ánægja í starfi, starfsmönnum þykir góður starfsandi ríkja á vinnustaðnum og að samvinna, virðing og gleði séu ríkjandi. Þetta kom einnig fram í prósent könnuninni sem var lögð fyrir starfsmenn í febrúar/mars 2026. Starfsmenn eru stoltir af því að vinna á Norðurbergi og þykir vænt um vinnustaðinn sinn, samstarfsfélaga og börn. Þeir upplifa mikinn metnað samstarfsfélaga fyrir faglegu starfi og eru alltaf tilbúnir að þróa nýjar leiðir til þess að bæta starfið og sína eigin líðan og félaga sína. Einnig kom fram að vinnustaðurinn sem slíkur væri aðlaðandi og umhverfið fallett og vel gert við starfsmenn af stjórnendum. Sjá umbótaáætlun í fylgiskjali.

Á Norðurbergi er almennt stöðugur starfsmannahópur, hópur sem hefur unnið lengi saman í leikskólanum. Meirihluti starfsmanna eru vel menntaðir; 14 leikskólakennarar, 3 grunnskólakennarar, 5 með aðra háskólamenntun, matreiðslumaður og svo erum við með 10 öfluga starfsmenn með ólíka menntun sem hafa unnið hér lengi og eru komnir með mikla og góða reynslu í starfi.

Eftir **endurmat starfsmanna** á innra starfi leikskólans, jafnt og þétt yfir veturinn, verða ekki breytingar á skólastarfinu eða á skóladagatalinu á næsta ári heldur eingöngu minniháttar breytingar á starfi innan hvernar deildar sem ekki verður talið upp hér. Við ætlum að byrja með sumarhátíðina kl. 14:00 í stað 14:30. Einnig kom fram að starfsmenn mættu allir vera duglegri að taka þátt í söng og hreyfingu í Söngstund leikskólans.

Starfsmenn eru að öllu jöfnu ánægðir með sameiginleg verkefni leikskólans og starfið eins og það er og er stefnt að því að halda stefnunni og gera vel.

Á fyrsta **skipulagsdegi** í ágúst 2026 verður **farið yfir starfsáætlun 2026-2027** og þær litlu breytingar sem eru á henni með öllum starfsmönnum leikskólans. Einnig verður farið yfir **umbótaáætlun úr starfsmannakönnun, foreldrakönnun/samtölum** frá því í **vor 2026**, sjá fylgiskjöl. Að auki fara deildarstjórar yfir **árlegt endurmat á starfsemi/skipulagi deildar** sinnar með sínu fólki.

Helsta áherslan á næsta skólaári verður að vinna í þeim verkefnum sem eru föst í skipulaginu nú þegar og því sem kemur frá **Mennta-og lýðheilsusviði**. Áherslur í starfinu fyrir skólaárið 2026-2027 kemur fram á bls. 10.

Eftirfarandi kom fram hjá deildum, tekið úr endurmati og samtölum við starfsmenn:

- Hver deildarstjóri óskar eftir ábyrgðaraðila fyrir viðburðum í skóladagatali.
- Skipta börnum upp í minni hópa í samverustundum, deildarstjórar og leikskólakennarar taki samverustundir jafnt á við aðra starfsmenn deildar.
- Fá góða og skýra leiðsögn um starfið frá deildarstjóra.
- Stjórnendur séu hvetjandi og sýni stuðning og þakklæti þegar vel gengur.
- Kjósa ábyrgðarmenn/birgðastjóra í Listasmiðju.
- Kjósa ábyrgðarmann fyrir Bókasafni.
- Bæta upplýsingaflæði inni á deild.
- Fara yfir vinnufyrirkomulag vikunnar á mánudagsmorgni.

Þetta var það sem kom fram í ósk á umbótum úr starfsmannasamtölum og endurmati og svo var eitt og annað sem hver og ein deild hefur ákveðið að laga inni hjá sér og verður ekki tínt upp hér. Ítarlegri umfjöllun má svo finna í umbótaáætlun leikskólans.

Í starfsáætlun fyrir 2025-2026 lögðum við sérstaka áherslu á eftirfarandi:

- Ný Skólanámskrá kemur út í lok september 2025.
- Gefa út nýtt **Skóladagatal vor 2025**.
- Gefa út nýja **Starfsáætlun í júlí 2025/ drög send á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs**.
- Gefa út **umbótaáætlun byggða á starfsmannakönnunum og starfsmannasamtölum júlí 2025**.
- **Eftirfylgni og þróun á aðferðafræði Snemmtækrar íhlutunar í málörvun leikskólabarna (STÍM)**. Styðjumst fyrst og fremst við handbók leikskólans og farið yfir áherslurnar í STÍM með nýju starfsfólki. Áhersla verður lögð á að auka enn frekar á öryggi og virkni allra starfsmanna þegar kemur að málörvun barna í öllum daglegum aðstæðum og að því að sníða verkferla STÍM að nýju vinnulagi BRÚAR-innar.
- **Skipuleggja alla nefndarfundir fyrir skólaárið 2025-2026 um haustið 2025**.
- **Undirbúa og sækja um nýjan Grænfána** vorið 2026. Áherslan verður að fara í grunnin á umhverfisstefnunni, vinnunni með börnin og sníða hana eftir breyttum aðstæðum í leikskólavinnunni eins og hún er núna.

Endurmat:

Skólanámskráin kom út um haustið 2025 og mikil gleði og ánægja meðal starfsmanna að hafa lokið við að endurnýja hana og gefa út.

Útgáfa á starfsáætlun, umbótaáætlunum og skóladagtali gekk eftir á réttum tíma fyrir sumarleyfi.

Eftirfylgni á verkefninu „Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna“ fór af stað um haustið. Við sjáum til þess að allir vinni/kunni að vinna eftir aðferðafræðinni. Núna í framhaldi leggjum við áherslu á að nýir starfsmenn fái góða kynningu á vinnubrögðum STÍM og er það í ábyrgð deildarstjóra og stjórnenda leikskólans að svo verði. Aðstoðarleikskólastjóri aðstoðar inni á deild þegar nýr starfsmaður er þjálfaður upp af deildarstjóra.

Vinnan að baki umsókn um **nýjan Grænfána** gekk vel og fengum við nýjan og fallegan fána afhentan við hátíðlega athöfn á **sumarhátíð leikskólans 4. júní 2026**. Við fengum góða umsögn eftir formlega úttekt frá Landvernd/Grænfánaverkefninu þar sem rætt var við leikskólastjóra og nokkur börn úr Umhverfisráði barna.

Að lokum vil ég þakka mínum frábæru samstarfsfélögum, fyrir metnaðarfulla og faglega vinnu við uppeldi og menntun barna leikskólans í oft á tíðum erfiðum aðstæðum á liðnu skólaári. Ég vil þakka þeim hollustuna og væntumþykjuna fyrir vinnustaðnum okkar og einbeittan vilja að öllum líði hér vel og þyki gott að koma til vinnu á hverjum degi. Það eru forréttindi. Við náðum að vinna vel með að bæta það sem við vildum bæta í umbótaáætluninni á liðnu skólaári sem sýndi sig í góðum niðurstöðum í starfsmannakönnun og ekki síður foreldrakönnun sem teknar voru eftir áramótin 2026.

Hér á Norðurbergi er öflugt starfsfólk, öflugt teymi sem ætlar sér að láta verkefnin ganga upp með það að leiðarljósi að bæta líðan og þroska barnanna og styrkja faglega stöðu leikskólans.

Fyrir hönd starfsmanna leikskólans,
Anna Borg Harðardóttir
leikskólastjóri



2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

- **Hvaða þættir leikskólastarfsins voru metnir?**

Starfsmenn deilda gera mat á starfsemi/skóladagatali leikskólans jafnt og þétt yfir skólaárið 2025-2026. Lögð var áhersla á að meta starfið jafn óðum á starfsmannafundum og á skipulagsdögum yfir allt skólaárið og koma með tillögur að breytingum eða úrbótum og skrásetja þær jafnóðum. Farið var vel yfir dagskipulagið, það metið og niðurstöður lagðar fram. Sama var gert við skóladagatal leikskólans, farið var vel yfir og rætt um hvern viðburð fyrir sig og sameiginleg ákvörðun tekin um tillögur til breytinga eða ekki fyrir næsta skólaár.

- **Hvenær/ hve oft verður metið (skipulag matsins)?**

Skólaárið var metið jafnóðum yfir veturinn; á stjórnendafundum (einu sinni í viku), á starfsmannafundum/skipulagsdögum, á deildarfundum (ca 12 sinnum yfir árið), í þeim ráðum og nefndum sem eru starfandi í leikskólanum hverju sinni og að auki í daglegum samskiptum starfsmanna. Nefndir leikskólans eru: Vináttuverkefnið Blær, spjaldtölvunefnd, umhverfisráð, heilsueflandi vinnustaður, fundir stuðningskennara og sérkennslustjóra, farsældarteymi leikskólans, bókanefnd, TRAS-nefnd, umsjón með sjúkraskápum, ferðanefnd og skemmtinefnd starfsmanna.

- **Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta?**

Við notum heimagerðar matsaðferðir og styðjumst við skólanámsskrá, starfsáætlun, stefnur, áætlanir, dagskipulag og skóladagatal leikskólans. Við styðjumst einnig við foreldra- og starfsmannakannanir og starfsmannasamtöl og vinnum umbótaáætlanir út frá þeim, sjá fylgiskjöl.

- **Hverjir munu taka þátt í matinu?**

Allir starfsmenn taka þátt í mati á leikskólastarfinu. Við gerum það yfirleitt fyrst á stjórnendafundum, á deildarfundum og svo færast umræðan yfir í starfsmannahópinn þar sem hver deild kynnir sínar niðurstöður og samþykkir allur starfsmannahópurinn síðan **sameiginlegar umbætur og nýbreytni**.

2.2 Húsnæði og lóð

- Starfsmenn á Umhverfis-og tæknisviði hafa ásamt leikskólastjóra farið einu sinni til tvisvar á ári yfir lóðina og húsið og skrá niður þær umbætur sem nauðsynlega þarf að gera. Það hefur þó verið **minna formlegt undanfarin ár og hefur verið bent á það**. Í millitíðinni eru allir starfsmenn ábyrgir fyrir því að leiksvæði barnanna séu öruggt yfir daginn. Þörf á viðgerð er þá tilkynnt til leikskólastjóra. Við erum með einfalda daglega skráningu á að lóðin sé í lagi og er það í ábyrgð þess starfsmanns sem er fyrstur út að renna yfir lóðina og skrá að skoðun hafi farið fram á þar til gert eyðublað. Haustið 2025, fékk Árný S. Steindórsdóttir, deildarstjóra á M&L, **lista** um það sem þarf að **laga í leikskólalóðinni** á næstu fimm árum. Deildarstjórar unnu samantektina ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

- Starfsmenn leikskólans eru virkir utandyrar við að gera ýmsar skemmtilegar breytingar í lóðinni sem henta börnunum og gerir leikinn enn meira áhugaverðan. Að auki eru þeir iðnir við að hirða lóðina sjálfir, hreinsa illgresi, planta trjá og hanna einföld leiktæki úr náttúrlegum efnivið fyrir börnin og með börnunum. Þetta síðastnefnda á sérstaklega við leiksvæði elstu barnanna, í Lundi.

2.3 Ytra mat

Hafnarfjarðarbær stóð fyrir **netkönnun** fyrir alla starfsmenn sína í janúar/febrúar 2026. Hún var framkvæmd af **Prósent**. Niðurstaðan var almennt góð, flott þátttaka starfsmanna eða 21 starfsmaður af 32 sem tóku þátt. Við þurfum að rýna í nokkur atriði, eins og bættar starfsaðstæður, samstarf á vinnustaðnum og vinnuálag, sjá umbótaáætlun í fylgiskjali.

Við komum vel út í starfsánægju, hollustu, tryggð, ímynd, yfirmanni, samstarfi og almennt starfið. Álit starfsmanna á stjórnun bæjarins hefur aukist á milli ára sem er ánægjulegt. Það er ánægjulegt að nefna það hér að leikskólinn Norðurberg var ásamt fimm stofnunum hjá bænum með **bestu útkomuna úr Prósentkönnuninni**.

Foreldrakönnun í gegnum **Skólapúlsinn** var lögð fyrir foreldra á sama tíma. **Svarhlutfall var 86,2%** og mikil ánægja hjá foreldrum með leikskólann. **Foreldrakönnunin var á pari við starfsmannakönnunina**, þ.e. mikil ánægja með leikskólann 98,6%, ánægja með stjórnun 100%, ánægja barnsins í leikskólanum 100%, ánægja með matinn 100%, ánægja með vinnubrögð 98,2%, ánægja með upplýsingamiðlun 89,4% og svona mætti lengi telja. En það er alltaf eitthvað sem við getum gert betur sem kemur fram í umbótaáætlun sjá fylgiskjal.

3. Áherslur í starfi leikskólans árið 2026-2027

3.1 Áherslur leikskólans fyrir næsta skólaár 2026-2027 eru eftirfarandi:

- Fara vel yfir **Menntasefnu Hafnarfjarðar á haustfundi starfsmanna**
- **Stækka læsisteymi leikskólans**, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og allir deildarstjórar. Skoða í tengslum við M&L. Hittast einu sinni í mánuði.
- Vera vakandi yfir **framburðargalla hjá börnum og setja strax í ferli.**
- **Endurnýja jafnréttisáætlun** leikskólans, mynda þriggja manna nefnd.
- Gefa út nýtt **Skóladagatal vor 2026.**
- Gefa út nýja **Starfsáætlun í ágúst 2026/ drög send á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs.**
- Gefa út **umbótaáætlun í júlí 2026** byggða á foreldrakönnun, **starfsmannakönnun og starfsmannasamtölum frá janúar 2026.**
- Finna út hver er **besta leiðin til að halda út Gefa 10.**
- **Eftirfylgni og þróun á aðferðafræði Snemmtækrar íhlutunar í málörvun leikskólabarna (STÍM).** Styðjumst fyrst og fremst við handbók leikskólans og farið yfir áherslurnar í STÍM með nýju starfsfólki. Áhersla verður lögð á að auka enn frekar á öryggi og virkni allra starfsmanna þegar kemur að málörvun barna í öllum daglegum aðstæðum og að því að sníða verkferla STÍM að nýju vinnulagi farsældarinnar.
- **Skipuleggja alla nefndarfundi fyrir skólaárið 2026-2027 um haustið 2026.**
- **Setja upp upplýsingaskjá fyrir foreldra í fataklefa Tröllagils og Álfasteins.**



4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2026

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1,0	Leikskólakennaramenntun
Aðstoðarleikskólastjóri	1	0,75	Leikskólakennaramenntun
Sérkennslustjóri	1	1,0	Leikskólakennaramenntun/master í uppeldis- og menntunarfræðum frá HÍ
Deildarstjórar/leikskólak.	6	5,85	Leikskólakennaramenntun (ein með master í menntunarfræðum frá HÍ)
Leikskólakennarar	8	7,15	Leikskólakennaramenntun/kennaramenntun
Leiðbeinandi A	5	4,8	Háskólamenntun
Leikskólaliði			
Leikskóla-og frístundaliðar	10	9,8	Ýmis menntun: grunnskólapróf, stúdentspróf, önnur menntun
Matreiðslumaður	1	1,0	Matreiðslupróf/MATVÍS
Aðstoð í eldhúsi	1	1,0	Háskólamenntuð
	34	32,35	

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri ásamt aðstoðarleikskólastjóra skipulögðu og skiptu með sér **starfsmannasamtölum og tóku þau öll í maí/júní 2026. Aðstoðarleikskólastjóri tók að auki stutt samtöl í nóvember 2025.** Viðtölin voru boðuð skriflega með nokkurra daga fyrirvara og fóru þau að mestu fram á kaffistofu starfsmanna. Samtölin eru ætluð til starfsþróunar þar sem starfsmenn setja fram óskir um símenntun/fræðslu. Einnig er rætt um starfið í leikskólanum, hvernig starfsmanni gangi í starfi, um líðan starfsmanns og væntingar, um samstarf/samskipti hans við samstarfsfélaga og samskipti við börn og foreldra þeirra. Eftir viðtölin taka leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri saman niðurstöður, vinna úr þeim og leggja fyrst fyrir deildarstjóra og síðan fyrir alla starfsmenn leikskólans á starfsmannafundi í upphafi hvers skólaárs.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Við lögðum áherslu á að starfsmenn nýttu sér þau tilboð sem **skrifstofa mennta-og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar** buðu uppá fyrir skólaárið **2025-2026**. Fá námskeið stóðu þó til boða þetta árið. Sumir leikskólakennarar voru duglegir að nýta sér fræðslu á netinu í gegnum teams (Hljóm2), fóru á TRAS, PMT. Sérkennslustjóri sótti vorráðstefnu RGR. Almennt hafa starfsmenn nýtt sér nýtt efni á WV-síðu Hafnarfjarðar en það var nú frekar dauft á liðnu ári. Færri starfsmenn en áður komu með óskir, í starfsmannasamtölum ársins, um símenntun fyrir þetta árið.

Leikskólinn bauð uppá fræðslu fyrir alla starfsmenn skólaárið 2025-2026:

- Á sameiginlegum skipulagsdegi leik-og grunnskóla **22. ágúst 2025** var sameignleg fræðsla fyrir alla starfsmenn leikskólaskólans. Eyrún Ísfold Gísladóttir, talmeinafræðingur, var með Lubba-námskeið fyrir alla. Góð upprifjun fyrir flesta en nýtt fyrir aðra.
- Á sameiginlegum skipulagsdegi **14. nóvember 2025** var boðið uppá fræðsluerindi fyrir alla í gegnum streymi. Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri Mennta- og lýðheilsusviðs og María Baldursdóttir, verkefnisstjóri menntamála og innritunar í leikskóla, voru með erindi um menntastefnu Hafnarfjarðar og farsældarvinkil. Eftir hádegi kom fulltrúi frá Barnaheill, Ída Björg Unnarsdóttir, sérfræðingur í fræðslu-og forvörnum, og var með fræðslu og upprifjun á Barnaheillaverkefninu. Í lok dags var formleg útgáfa á skólanámskrá leikskólans og ritnefnd þökkuað vel unnin störf.
- Á sameiginlegum skipulagsdegi **22. febrúar 2026** fræðslu um kynferðisofbeldi gegn börnum streymt í alla leikskóla Hafnarfjarðar. Eftir fræðsluna skiptum við okkar í nokkra hópa og kom hver hópur með 3-4 tillögur að því hvernig við gætum tryggt öryggi barna hér í leikskólanum.
- Á skipulagsdegi **24. apríl 2026** fórum við starfsmenn í fræðslu-og kynnisferð í nokkra leikskóla á suðurlandinu, í Hveragerði, á Selfossi og Hvolsvelli. Gistum eina nótt á Hellu.
- Á skipulagsdegi **12. maí 2026** var farið vel yfir Prósent-könnunin sem allir starfsmenn Hafnarfjarðar taka þátt í. Niðurstöður voru mjög góðar í ár og settumst við niður í umræðuhópa og niðurstöður voru settar í umbótaáætlun ásamt niðurstöðum úr foreldrakönnun Skólapúlsins, sjá fylgiskjal.
- Við vorum með tvo tveggja tíma fundi fyrir hádegi haust og vetur/ 2025. Þar var farið í starfsáætlun vetrar og áherslur í starfinu og svo fengu deildarstjórar sinn tíma með sínu fólki til að fara yfir áherslur deildarinnar. Einnig var stutt kynning frá Gervigreindarnámskeiði, ANH og svo var farið í umræður um Grænfánaverkefni vetrarins vegna umsóknar um 11. Grænfánann. Tveir morgunfundir voru eftir áramótin og þeir meira eða minna haldnir inni á deildum undir stjórn deildarstjóra og dagskrárvaldið var þeirra. Á fundi í mars var farið yfir niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins og umræður á eftir.

4.4 Áætlun (óskir starfsmanna) um símenntun í leikskólanum fyrir 2026-2027:

- Starfsmenn eru hvattir til að sækja námskeið á vegum **Skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar** 2026-2027.
- Starfsmenn eru hvattir til að fylgjast sjálfir með **námskeiðum á vegum EHI** og óska eftir því við leikskólastjóra að sækja námskeið.
- **TRAS- stutt upprifjunarnámskeið í nóvember á skipulagsdegi/fyrir þá kennara sem hafa réttindi**
- **Skyndihjálparnámskeið á skipulagsdegi 22. febrúar 2027, kl. 8:30-11:30.**
Ólafur Ingi Grettisson, slökkviliðs-og sjúkraflutningsmaður verður með námskeiðið.
- **Námskeið á vegum RGR/APES/TMT (Árný Anna)**
- **Íslenskunámskeið/Dósaverksmiðjan/MÍMIR/Online/erlendu samstarfsfélagar okkar**
- **Ein á lokaári í menntunarfræðum leikskóla, M.Ed.**
- **Leikskólaliðanám við Borgarholtsskóla/Rebekka Rún**
- **Leikskólaliðanám við MÍMÍR/Chanika**
- **PECS-örnámskeið um hvernig á að nota myndirnar**
- **Sækja námsskeið á workevivo í gegnum tölvu**
- **Umhverfismennt í leikskólanum.**
Leikskólastjóri, Anna Borg, sér um fræðsluna.
- **Annað sem býðst á skólaárinu 2026-2027**

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí 2026

- Börnin voru **100** í leikskólanum.
- Stúlkurnar voru **43** og drengirnir **57**.
- Dvalarstundir voru **799 klst.** (819,5 klst 2025).
- Deildargildi **5,15**.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í **2. flokki voru 2 börn, og í 3. flokki voru 25 börn/málörvun.**
- Fjöldi barna sem voru í hópþjálfun voru u.þ.b. **25 talsins**, þetta voru aðallega börn með frávik í málproska/og sum hver fengu leikþjálfun.
- Fjöldi barna með ofnæmi **voru 11** talsins.
- Fjöldi barna með fæðuóþol **voru 1** (flestir m. mjólkuróþol).
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku **voru 15 talsins**.
- Fjöldi tungumála, fyrir utan íslensku, **voru 8**.
- Þjóðerni forsjáraðila eru frá: Póllandi, Úkraínu, Englandi, Danmörku, Shri Lanka, Lettlandi, Slóveníu/Serbíu og Svíþjóð.

5.2 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð:**
Foreldraráð samanstendur af þremur foreldrum sem sitja jafnframt í stjórn Foreldrafélagsins, þar sem 5-7 fulltrúar foreldra sitja ásamt leikskólastjóra. Foreldraráð er kosið sérstaklega á aðalfundi félagsins sem er á haustin samkvæmt lögum félagsins. Foreldraráð fundar eftir þörfum, þ.e. þegar gögn berast frá leikskólanum til yfirlestrar og umsagnar.
- **Foreldrafélag:**
Foreldrafélag er starfsrækt í leikskólanum og eru fimm-sjö fulltrúar kosnir í stjórn þess á aðalfundi félagsins á hverju hausti samkvæmt lögum félagsins. Kosið er til tveggja ára í senn. Stjórn Foreldrafélagsins hittist venjulega nokkrum sinnum á ári. Foreldrafélagið sér um eða styður við nokkra viðburði á ári fyrir utan skólatíma. Hefð er fyrir brúðuleikhúsi/leikhúsi í nóvember/desember, félagið sér um kostnað við sýninguna. Foreldrafélagið stendur straum af kostnaði á jólasveini á jólaböllum leikskólans ofl. Lítil virkni var í foreldrafélaginu í vetur.
- **Foreldrafundir/foreldrasamskipti:**
Foreldrafundir á vegum leikskólans eru venjulega einu sinni á ári á haustin þar sem farið er yfir starfsáætlun leikskólans og starfsemi deildanna á komandi skólaári. Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti við foreldra dagsdaglega. Til að kynnast foreldrum enn frekar en á fundum, þá bjóðum við þeim upp á reglubundna samveru yfir árið (sjá skóladagatalið). Þeim er boðið í „Vinagöngu“ í nóvember, í „Jólastund foreldra“ í desember og á Sumarhátíð leikskólans í júní. Það er alltaf heitt á könnunni, í morgunsárið, í Lundi, svo foreldrar geti staldrað við og spjallað og átt ánægjulega stund með börnum sínum í upphafi dags.
- **Foreldrasamtöl:**
Foreldrasamtöl eru venjulega tvisvar á ári, stutt samtal eftir TRAS skráningu og lengra

samtal sex mánuðum síðar. Þá eru foreldrar boðaðir skriflega með ákveðinni dagsetningu og tíma í samtal. Fagfólk leikskólans ber ábyrgð á samtölunum og taka þau ásamt reynslumeiri starfsmönnum. Foreldrar eða deildarstjórar geta óskað eftir fleiri samtölum ef þurfa þykir á skólaárinu.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Samvinna milli Engidalsskóla og Norðurbergs hefur verið í föstum skorðum þó með okkar frumkvæði og hefur verið það til marga ára.

Áætlun vetrarins er unnin á haustin þegar leikskólakennarar elstu barna leikskólans og kennarar fyrstu bekkjar grunnskólans hittast og gera grófa áætlun um samstarfið á komandi vetri.

- **Áætlun fyrir 2026-2027 verður líklega eftirfarandi (birt með fyrirvara):**
- **Október:** Skólaheimasókn í Engidalsskóla og fyrsti bekkur kemur í heimsókn á gömlu deildina sína í Lundi.
- **Nóvember:** Dagur íslenskrar tungu, 4. bekkur úr Engidalsskóla kemur í leikskólann og les upp ljóð og sögur fyrir börn leikskólans. Börnin fara inn á deildir leikskólans.
- **Janúar:** Heimsókn elstu barnanna í bókasafnið í Engidalsskóla.
- **Febrúar - apríl:** Heimsókn elstu barnanna í Engidalsskóla, sækja kennslustundir og frímínútur.
- **Mái:** Vorskóli þar sem foreldrar eru með börnum sínum á kynningu á skóladeginum.

5.4 Almennar upplýsingar

Sameiginlegir skipulagsdagar á næsta skólaári 2026-2027, með leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar eru eftirfarandi: **18/11 2026, 22/2 og 23/3 2027** (sjá skóladagatal).

- **Skipulagsdagar einöngu fyrir leikskólann Norðurbergi eru eftirfarandi:**
31/8 2026 og 18/5 2027 (sjá skóladagatal).
- **Morgunfundir (einn skipulagsdagur) starfsmanna milli 8:00-10:00 verða: 24/9 og 19/10 2026 og 19/1 og 17/3 2027.**

5.5 Áætlanir

Eftirfarandi áætlanir eru á heimasíðu leikskólans :

[Leikskóladagatal 2026-2027](#)

[Starfsáætlun 2026-2027](#)

[Skólanámskrá leikskólans](#)

Fylgirit:

- Leikskóladagatal 2026-2027/samþykkt
- Umbótaáætlun vegna starfsmannakönnunar Prósent og starfsmannasamtala 2026
- Umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar Skólapúlsins 2026
- Jafnréttáætlun 2019-2023
- Umsögn foreldraráðs v/starfsáætlunar 2026-2027

Hafnarfirði 20.08.2026

Anna Borg Harðardóttir
Leikskólastjóri
